



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

35. fundur, föstudaginn 4. febrúar 2011, kl. 13:00-16:00 í Arnarhváli, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Friðrik Dagur Arnarson, Elín R. Líndal, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu), Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Kjartan Ólafsson (erlendis), Anna G. Sverrisdóttir og Björg Eva Erlendsdóttir (komust ekki).

Lagt fram á fundi: 1) Skýrsla um „Jarðhita á Íslandi“ (drög) eftir Stefán Arnórsson, áður útsend. 2) Fundargerðir 32., 33. og 34. fundar verkefnisstjórnar t.o.m. 4. feb. 2011, áður útsendar. 3) Samrit af bréfi Heimsminjanefndar Íslands dags. 16. apríl 2010, áður útsent, 4) Svör við spurningum sem beint hefur verið til Faghóps IV í umsagnarferli skýrslunnar um „Niðurstöður faghópa“, mars 2010, áður útsend, og 5) Geisladiskur frá Landsvirkjun, er fylgdi bréfi dags. 30. apríl 2009 til Rammaáætlunar, „Virkjunarkostir Landsvirkjunar í fallvötnum og á háhitavæðum í 2. áfanga rammaáætlunar“.

Fundarfrásögn

1. Fundargerðir 32., 33. og 34. fundar, janúar 2011

Svanfríður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Ritari tók við nokkrum athugasemdum við fundargerðir, auk þess sem áður hafði borist, og kallað var eftir frekari athugasemdum við fundargerðirnar þrjár. Gefinn var frestur til þess fram að næsta fundi, en þá er stefnt að því að fundargerðirnar verði staðfestar.

2. Erindi Heimsminjanefndar Íslands, sbr. framlagt bréf

Kristín Huld reifaði málið og gerði grein fyrir stöðu þess. Af yfirlitsskránni frá 2001 eru sex tilnefningar farnar frá nefndinni sem tillögur á borð menntamálaráðherra, fyrir utan Þingvelli og Surtsey, sem nú eru á heimsminjaskrá UNESCO. Um er að ræða Breiðafjörð, Mývatn, Þingvallasvæðið allt, Vatnajökulsþjóðgarð, raðtilnefningu íslenskra torfbygginga og norrænar minjar sem tengjast menningu víkinga. Í kjölfar jákvæðrar umfjöllunar menntamálaráðherra fara slíkar tillögur á borð ríkisstjórnar og þaðan fer umsóknin svo í ferli hjá UNESCO. Þau svæði sem snerta Rammaáætlun og hafa þarf í huga í vinnu faghópa og verkefnisstjórnar eru Mývatn/Laxá og Vatnajökulsþjóðgarður. Kristín Huld er reiðubúin til að aðstoða ef á þarf að halda vegna þessa við fráganginn á lokaskýrslu verkefnisstjórnar.

3. Viðbrögð faghóps IV við umsagnarferli

Guðni gerði grein fyrir stöðunni í faghópi IV og fór yfir svörin sem faghópurinn fól honum að semja. Vegna tímaskorts hefði ekki verið færi á að bíða eftir athugasemdum frá meðlimum faghópsins, og gætu því athugasemdir komið frá þeim á næstu dögum. Einnig taldi hann mögulegt að bæta þyrfti við frekari skýringum varðandi kostnaðarmat virkjana.

Agnar benti á orðalag á einum stað, sem betur mætti fara, en kvaðst að öðru leyti vera sáttur við plaggið sem meðlimur faghóps IV.

Svanfríður taldi almennt rétt að láta athugasemdir sem ekki beindust að niðurstöðum eða efnistöðum faghópa liggja á milli hluta.

Guðni, Kristín Huld og Elín tóku undir með formanni varðandi viðbrögðin.

Að svo búnu var Guðna og faghópi IV falið að ganga endanlega frá viðbrögðum sínum við umsagnarferlinu, þannig að þau geti farið á vefinn til almennrar birtingar.

4. Skýrsla Stefáns

Stefán fór yfir efni skýrslunnar með aðstoð glæra, en hún skiptist í 10 efniskafla auk inngangs, niðurstaðna og heimilda. Þeir eru 1) Eðli háhitasvæða, 2) Mat á stærð auðlindar, 3)

Endurnýjanlegar og endanlegar orkulindir, 4) Sjálfbær þróun, 5) Aðferðafræði við undirbúning að nýtingu jarðhita, 6) Umhverfisáhrif, 7) Leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum og stuðla að sjálfbærni, 8) Nýting orkulinda og verndun náttúrusvæða, 9) Flokkun virkjunarhugmynda og 10) Félagsleg áhrif.

Guðni taldi áhugavert að athuga hvaða afleiðingar það hefði sem fram kæmi í skýrslunni. Hætta gæti verið á að áhangendur ákveðinnar lífsspeki notuðu sér rök Stefáns til að stoppa af nýtingu jarðhitans.

Stefán kvaðst þeirrar skoðunar að nýta ætti jarðhitann.

Þóra Ellen benti á að það skipti miklu máli hver nýtingarhraðinn væri.

Friðrik Dagur taldi um athyglisverða umræðu að ræða, og vissulega skipti það máli að jarðhitinn væri ekki í sama flokki og sólarorkan, en það þýddi ekki að hætta eigi að nýta jarðhita.

Stefán var sammála því að ekki ætti að hætta að nýta jarðhitann, en hins vegar þyrfti að efla rannsóknir og þekkingu á auðlindinni.

Sveinbjörn benti á að yfirlit um jarðhitaauðlindina á Íslandi hefði verið sett fram í frumathugunarskýrslu frá árinu 1969. Valgarður Stefánsson hefði komið með nýja tilhögun á ákvörðunarferlinu fyrir nýtingu jarðhita, þannig að sett væri upp lítil jarðhitavirkjun á rannsóknaholu til að tekjurnar af henni gætu staðið undir frekari rannsóknum. Freistandi væri í framhaldi af því að framleiða enn meira rafmagn sem gæfi strax af sér tekjur. Nú væri svo komið að fleygt væri jafnmikilli affallsorku og nýtt væri til hitaveitu á Nesjavöllum. Einnig vildi hann benda á að á Hengilssvæðinu (Skarðsmýrarfjall) og í Krýsuvík væri hitaferillinn viðsnúinn, þannig að hiti eykst þar ekki með dýpi. Fram kom í umræðu hans og Stefáns að skýringar á þessu geta verið tvær, annars vegar ungt svæði sem er að hitna eða hins vegar gamalt svæði sem er að kólna. Svárið við þeirri spurningu, hvor skýringin sé sú rétta, fæst með athugun á steindum í borholum.

(Þóra Ellen og Agnar viku hér af fundi)

Friðrik Dagur beindi spurningum til Stefáns varðandi skilgreiningar á orðum, þ.e. hvort borholureitur væri það sama og borteigur, og fékk þá skýringu að svo væri ekki, um væri að ræða vinnslusvæði („well field“). Einnig spurði hann um skammhlaup affallsvatns („short cut“) og fékk skýringu á því.

Svanfríður skýrði frá því að hún hefði sent Stefáni athugasemdir sínar varðandi inngang skýrslunnar.

Stefán kvaðst gjarna þiggja athugasemdir frá meðlimum verkefnisstjórnar.

Friðrik Dagur sagði skýrsluna skýra og greinargóða og að hann skildi þar flest og væri hann því ánægður.

Guðni kvaðst hafa nokkrar athugasemdir sem hann myndi senda Stefáni. Almennt þyrfti að vera skýrt hvaða ályktanir höfundur drægi varðandi sjálfbærni og endurnýjanleika. Góðar útskýringar væru í skýrslunni um vinnslu jarðhita en gæta þyrfti að samræmi við sjálfbærnisráðgjafur. Sú skýrsla væri núna ætluð sem skýrsla Orkustofnunar, það þarfnaðist athugunar hvort það væri formlega rétt. Svör við þeirri skýrslu þyrftu að koma beint gagnvart henni, en ekki sem misræmi milli tveggja skýrslna rammaáætlunar.

Svanfríður var sammála því að umfjöllun um vinnu annarra faghópa færi ekki fram á vettvangi skýrslunnar, þ.e. í köflum 8-10 og í inngangi.

Stefán sagði um að ræða viðbót um endurnýjanleika og þær ályktanir sem draga beri af því. Hins vegar væri hann opin fyrir því að taka burt umræðu um félagslega þáttinn og laga innganginn í samræmi við það, en í sér sæti ýmislegt varðandi sjálfbæra þróun og breytingar á skilgreiningum í því sambandi.

Guðni benti á að formaður vinnuhópsins um sjálfbærni hefði þegar svarað þeirri gagnrýni, og ekki væri hægt að hafa tvær mismunandi sjálfbærnisráðgjafur. Ekki væri samasem merki á milli „sustainable yield“ og sjálfbærrar þróunar.

Stefán kvaðst sáttur við að athuga málið í góðu samstarfi. Hann vildi leggja áherslu á að hvert jarðhitasvæði hefði sín sérstöku einkenni, sem taka þyrfti tillit til.

Sveinbjörn sagði ekkert liggja á með útgáfu skýrslunnar og góður tími ætti að gefast fyrir Stefán að taka við athugasemdum. Sjálfur hefði hann áhuga á að senda Stefáni athugasemdir um ákveðin umfjöllunarefni, dæmi: 1) Hvað er háhitasvæði?, 2) Varmadælur og 3) „Hot dry rock“. Athyglisvert væri að lög um mat á umhverfisáhrifum væru ekki miðuð við jarðhita og eðli hans. Þetta þyrfti að gefa leiðbeiningar um.

Guðni kvaðst vera sammála Sveinbirni um gallaða löggjöf um mat á umhverfisáhrifum hvað þetta atriði snerti, og það sama gildi raunar um auðlindalögin.

Stefán tók því vel að fjalla nánar um þessi atriði.

Friðrik Dagur velti fyrir sér stöðu skýrslunnar. Athugasemdir Stefáns í 8.-10. kafla væru mikilvægar og spurning hvar þeim atriðum yrði komið að í starfi Rammaáætlunar. Hann taldi athugasemdir sínar við skýrslu sjálfbærnihópsins ekki hafa skilað sér og ekki verið að grafa undan faghópum þótt röksemdafærsla Stefáns kæmi fram í skýrslu hans.

Svanfríður benti á að verkefnisstjórnin beitti sér fyrir þessari málsmeðferð og að hún gæti nýtt sér ályktanir úr viðaukaskýrslu Stefáns í lokaskýrslu sinni.

Stefán kvaðst aðeins hafa viljað tryggja að félagslegi þátturinn gleymdist ekki, og ef faghópur III sinnti því, þá væri það meinalaust af sinni hálfu.

Elín þakkaði Stefáni fyrir kynningu sína, sem hefði verið mjög góð. Umræðan um endurnýjanleika væri mjög nauðsynleg til skilnings fyrir leikmenn. Hún benti á að Stefán væri hluti af verkefnisstjórninni og ef einhver kæmist ekki áfram með eitthvert atriði þá væri venjan að skila séráliti. Hún kvað ályktunarorð Stefáns um að eðlilegt væri að leggja meira í rannsóknir, ef ágiskun gæfi stóra tölu, vera almenn sannindi sem ættu við fleira en jarðhita.

Kristín Huld benti á að skýrsla Stefáns yrði viðauki og eðlilegt að sjónarmið hans kæmu fram.

Guðni sagði að hér væri ekki um ritskoðunartilburði að ræða, heldur áherslu á að umfjöllun kæmi fram á einum stað.

Rætt var í framhaldi af þessu um afgreiðslu á skýrslu sjálfbærnihópsins, en staða skýrslunnar sem Orkustofnunar skýrsla, sem þó væri í raun skýrsla faghóps á vegum Rammaáætlunar, væri óljós.

Kristni var falið að ræða við **Jónas Ketilsson** og athuga málið.

5. Vinnan framundan

Svanfríður ræddi tímaplanið, en ljóst væri að vinnan kláraðist í fyrsta lagi í lok mars. Faghópur III á eftir að skila sínum athugasemdum, faghópur I þarf að ljúka verki sínu svo og faghópur II. Síðan þarf formaður að ganga frá niðurstöðum í almennar athugasemdir. Nauðsynlegt er að faghóparnir skili af sér með formlegum hætti. Síðan er komið að alvöru vinnu hjá verkefnisstjórninni. Formenn faghópa hafa aðstoðað við að móta tillögur um framhaldið, og óskaði formaður verkefnisstjórnar eftir því að halda því vinnulagi áfram, einnig myndu Sveinbjörn og Kristinn taka þátt í þeirri vinnu. Var það **samþykkt** án atkvæðagreiðslu að viðhafa það vinnulag sem formaður lagði hér til.

Stefán benti á að nauðsynlegt væri að efnisyfirlit og skipting vinnu milli einstakra aðila þyrfti að vera á hreinu fyrirfram.

Svanfríður kvað þetta liggja fyrir í meginatriðum, og þar á meðal að taka með almenn atriði úr skýrslu Stefáns. **Kjartan** hefði lagt drög að aðferðafræði, og virtist sem svo að niðurstöður gætu verið með samhljómi.

Kristín Huld minnti á mikilvægi menningarminja, og benti **Svanfríður** í framhaldi af því á að athuga þyrfti í síðari áföngum hvort náttúra og menningarminjar eigi yfirleitt saman.

Sveinbjörn kvaðst hafa áhyggjur af tímaáætlun fyrir verkaskilin. Ákvarðandi þættir væru val á aðferðum verkefnisstjórnar og röðun verkefnisstjórnar á virkjunarhugmyndum, úrlausn hvors þessara þátta krefðist áreiðanlega tveggja funda. Faghóparnir fjórir þurfa að skila af sér og taka þarf mið af niðurstöðum sjálfbærnihópsins og Stefáns Arnórssonar, auk þess sem taka þarf tillit til athugasemda. Síðan fylgir yfirferð efnis og drög að skýrslu með inngangi og lokaniðurstöðum. Allt þetta ferli virðist munu endast fram í maí mánuð, nema menn vilji leggja mikið á sig.

Guðni benti á forvinnu **Kjartans** í aðferðafræðinni sem hann kynnti á fundi verkefnisstjórnar, en hann þyrfti að fá meiri undirtektir og umboð til að þróa hana frekar.

Svanfríður tók undir það að mjög gagnlegt væri að fá frekari umfjöllun um aðferðafræði frá **Kjartani** og kvaðst munu ræða málið við hann.

Kristín Huld og **Friðrik Dagur** vöktu máls á álitamálum varðandi umhverfishagfræði og samfélagsleg áhrif, sem vísað var til umfjöllunar um leið og svör faghóps III við athugasemdum verða kynnt og rædd.

Fram komu óskir um að fundum verkefnisstjórnar yrði hnikað milli daga, þannig að þeir féllu ekki alltaf á sama vikudag. Það hefði óheppileg áhrif á vinnu þeirra sem væru bundnir af stundaskrá. Boðað var að næsti fundur yrði föstudaginn 11. febrúar 2011 kl.10 í Arnarhvíli.

Kristinn Einarsson